

Leiðbeiningar um útfyllingu og rafræn gagnaskil

# Launamiðar, hlutafjármíðar og launaframtal 2009

Í þessari orðsendingu er að finna leiðbeiningar um útfyllingu launamiða, hlutafjármíða og launaframtaða á árinu 2009.

Form launamiða RSK 2.01 og hlutafjármíða RSK 2.045 vegna greiðslna á árinu 2008 er óbreytt frá fyrra ári.

## Rafræn gagnaskil

Afar æskilegt er að launamiðum og hlutafjármíðum sé skilað á **tölvutæku formi**.

Sérstaklega er bent á Gagnaskilakerfið á skattur.is, rafræna skilaleið fyrir launamiða og hlutafjármíða. Um er að ræða annars vegar XML skeytaskil beint úr launakerfum og hins vegar skráarinnlestur eða skráningu einstakra launamiða. Skilin eru gerð í gegnum þjónustusíðu viðkomandi aðila. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum.

Gögnum sem skilað er á segulmiðlum skal skilað til skattstjóra í umdæmi launagreiðanda.

Færslulýsingu vegna tölvutækra skila á bæði launa- og hlutafjármíðum má nálgast á vefsetri RSK, en sömu reglur gilda um tölvutæk skil á þessum miðum. Auk þess veitir upplýsingatæknideild RSK nánari upplýsingar um færslulýsinguna og þá segulmiðla sem skattstjórar geta tekið við, sem og upplýsingar um aðrar skilaleiðir rafrænna skila.

Þeir sem skila launamiðum og/eða hlutafjármíðum á tölvutæku formi til skattstjóra eiga ekki að skila sömu miðum aftur á pappír.

## Leiðréttigar

Hægt er að leiðréttu skil rafrænna launamiða á þjónustusíðu á **skattur.is**.

Hafi launamiði sem skilað var á pappír eða segulmiðli verið rangur skal strax senda skattstjóra **nýjan launamiða** á pappír með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega.

## Áritun launa og hlutafjár

Skattifyrvöld munu árita sem mest af

upplýsingum um laun, hlutafé og arð á skattframtíð einstaklinga í febrúar 2009. Miklu skiptir því að þessar upplýsingar séu bæði **áreiðanlegar** og **endanlegar** svo að framteljendur verði ekki fyrir óþægindum við útfyllingu framtala.

Mælst er til þess að launagreiðendur sendi launamiða til launamanna sinna áður en skil til skattifyrvolda eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemnum og leiðréttigum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins, þ.e. áður en launaupplýsingum er skilað til skattifyrvolda og þær áritaðar á framtíð.

Minnt skal á að uppfærsla launaforrita er nauðsynleg vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem forskráning grundvallast á.

Pá þurfa launa- og hlutafjármíðarupplýsingar á tölvutæku formi að berast innan tilgreindar tímabrests, enda munu skattifyrvöld að öðrum kosti ekki geta áritað viðkomandi upplýsingar.

Upplýsingar um hluthafa/eiganda		Hlutafjármíði árið 2009			
01 Kennitala	Kennitala forrðanda eftir eigandi er barn	Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)			
220222-2229	Nafn og heimilisfang	Nafn hlutafélags og kennitala			
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík			
<b>Hlutabréf</b>	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu	79 Staðgreiðsla af arði	
0		250.000	25.000	2.500	
<b>Stofnfjárbréf sparisjóðanna</b>	80 Endurmat stofnfjárbréf á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði	
RSK 2.045					
Frumrit: Til skattstjóra					

**Skilafrestur launa-  
og hlutafjármíða  
á pappír er til  
30. jan. 2009.**

**Skilafrestur  
á tölvutæku formi  
er til  
10. feb. 2009.**

## 76 Útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu

Hér skal færa útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu.

## 77 Hlutafjáreign í árslok

Hér skal tilgreina nafnverð hlutabréfa í eigu hluthafa í árslok.

## 78 Greiddur arður á árinu

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjkattar frá arði.

## 79 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

## 80 Endurmat stofnfjár á árinu

Hér skal færa endurmat stofnfjár í sparisjóðum sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

## 81 Stofnfjáreign í árslok

Hér skal færa stofnfjáreign í árslok eftir endurmat.

## 84 Greiddur arður á árinu

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjkattar frá arði.

## 86 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

# Launamiði 2009

## 02 Vinnulaun

Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndaraun, eftirlaun, launabætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Enn fremur verkfærargjald eða verkfæraperningar, faterpeningar og þess háttar greiðslur, flutningspeningar eða greiðsla far gjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundraðshluti launa eða á annan hátt, styrkir til líkamsræktar, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og stjórnar- og endurskoðunarlaun kþjörinna manna. Einnig skal hér fára fæðispeningar sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. (Metin fæðishlunnindi skal fára í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti).

### 63 Iögjöld

Í þennan reit skal fára iðgjald launamanns sem varið var til aukningarálfeyrisréttinda, en frádráttur vegna þess getur að hámarki numið 4% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lifeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

Allar fjárhæðir skal fára í heilum krónum					
01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launb. í lifeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Ökutækjastyrkur	73 Þar af undanþ. staðgr.	18 Sjúkradagpeningar
Frádráttarbært iðgjald í lifeyrissjóð – 4% iðgjald í samþykkan lifeyrissjóð. (Sjá bakhlið)	03	05 Par af vegna sjómannensu sem veitir rétt til sjómannafláttar	17 Dagpeningar	74 Þar af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lifeyrissjóði
08 Númer lifeyrissjóðs	Greiðslur til verkata og verkstæða fyrir efni og vinnu	06	27 Fatalhunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Pessi reitur fyllist út af skattstjóra	31		Greidd lifeyrissjóði í sérsjóð (4% iðgjald)	63 Iögjöld	64 Númer sérsjóðs
07 Nafn-heimiliþoststöð launþega			30 Launagreiðandi-kennitala-heimili		
83 Ráðningartíma sjómanna – dagafjöldi	85		87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga	88	
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06					
70 Launajárhæð	71 Andreginn staðgreiðsla		Greiðslur eða hlunnindi, ótalín áður; hvaða?	28	297.000
RSK 2.01 0812 · ODDI HF · 60.000			34   Föðrun búfjár	50.000	
			82   Gjafir	190.000	
Sjá leiðbeiningar á upplýsingavef RSK <a href="http://www.rsk.is">www.rsk.is</a>					

### 03, 08 Frádráttarbært iðgjald í lifeyrissjóð

Í 03 skal tilgreina lifeyrissjóðsiðgjald launþegans sjálfs en í 08 númer sjóðsins samkvæmt skrá yfir lifeyrissjóði. Listi yfir númer lifeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is/listi](http://www.rsk.is/listi).

### 83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi

Hér skal tilgreina dagafjölda ráðningartíma sjómanns. Við ráðningartíma er heimilt að bæta orlofs- og frídögum sem launþegi nýtti ekki á ráðningartíma en fékk greidda og uppgeraða við lok ráðningar. Ráðningardaga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og fára tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 83 og fyrir síðari hluta ársins í reit 85.

### 87 Lögskráningardagar / úthaldsdagar

Hér skal skrá fjölda daga sem sjómaður er lögskráður á skip. Á þeim skipum sem ekki er skyld að lög-skrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili.

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt samningi um hlutaskipti.

Þeir dagar sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér.

Þessa daga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og fára tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 87 og fyrir síðari hluta ársins í reit 88.

## ● 06 Heildargreiðslur til verkata, með virðisaukaskatti

Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem samkvæmt samningi, skriflegum eða munlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á vinnu þeirra. Gæta skal þess að fára í þennan reit ekki að eins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjaldafjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færst til skuldar á framtali greiðanda).

### 64 Númer sérsjóðs

Í þennan reit skal fára númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í.

Listi yfir númer lifeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is/listi](http://www.rsk.is/listi).

### 19 Sjúkradagpeningar

Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

## 17 Dagpeningar

Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda. Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðarreikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

### 74 Þar af undanþegið staðgreiðslu (dagpeningar)

Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

### 60 Bifreiðahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

### 21 Greiðslur úr lífeyrissjóði

Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.

### 27 Fatalunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fatalunninda (fatnaður sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

### 33 Fæðishlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

## Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða) og fjárhæð:

- 04) Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).
- 09) Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa.
- 26) Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.
- 28) Húsnæðishlunnindi (allt að 5% af fasteignamatí íbúðarhúsnæðis 31. des. 2007, að meðtalinni hlutdeild í fasteignamatí lóðar, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi, að teknu tilliti til þess fjölda mánaða sem afnotin ná yfir. Sjá upplýsingar um skattmat 2008 á [www.rsk.is](http://www.rsk.is)).
- 32) Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.
- 56) Endurgjald til höfunda eða rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.
- 57) Verkfallsstyrkur.
- 58) Björgunarlaun.
- 59) Skaðabætur og sambærilegt bótafé greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis).
- 61) Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagasamtaka, stéttarfélaga eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09).
- 62) Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).
- 65) Leigutekjur.
- 67) Húsaleigubætur.
- 69) Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga.
- 72) Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).
- 89) Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða), frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar, og fjárhæð:

- 11) Endurgreiddur útlagður kostnaður.
- 34) Önnur hlunnindi.
- 82) Aðrar skattskyldar greiðslur.
- 93) Aðrar skattfrjálsar greiðslur.

Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má m.a. nálgast á vefsetri RSK.

## 16 Ökutækjastyrkur

Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fast-ákveðna fjárhæð á ári, ekna kílometra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða greiðsla er ákvörðuð á annan hátt.

### 73 Þar af undanþegið staðgreiðslu (ökutækjastyrkur)

Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

### 70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu

Hér skal færa samtölur úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt RSK 5.06.

### 05 Þar af greitt v/sjómennsku

Hér skal tilgreina laun vegna sjómennsku sem veita rétt til sjómannaafsláttar, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt, og innifalin eru í launum í reit 02.

# Launaframtal 2009

## Hverjir skila launaframtalí á pappír?

Einstaklingar með rekstur, sem greiða öðrum laun eða inna af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds **og sem skila skattframtali sínú á pappír**, þurfa jafnframt að skila launaframtalí á pappír. Launaframtalínu er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem framteljandi á lögheimili 31. des. 2008.

Lögaðilar, sem undanþegin eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003, **skulu skila launaframtalí með rafrænum hætti á skattframtali RSK 1.06**, hafi þeir greitt laun eða innt af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds á árinu 2008.

Launaframtalínu er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem framteljandi á lögheimili 31. des. 2008.

Þeir sem inna af hendi verktakagreiðslur eiga að skila launamiðum vegna þeirra. Á launaframtalí skal koma fram fjöldi verktakamíða og heildarfjárhæð, þó að þessar greiðslur myndi ekki stofn til tryggingagjalds. Maður sem reiknar sér endurgjald við eigin atvinnurekstur, en greiðir ekki öðrum laun, þarf **ekki** að skila launaframtalí nema því aðeins að hann sé með viðbótar lífeyrissparnað og/eða greiði hærra mótfamlag í lífeyrissjóð en 8%.

**Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínú með rafrænum hætti eiga ekki að skila launaframtalí RSK 1.05 á pappír.**

## Stofn til tryggingagjalds

Gjaldstofn tryggingagjalds er allar tegundir launa og þóknana, hverju nafni sem nefnast, óháð formi launagreiðslu. Hér er t.d. um að ræða laun í reit 02 á launamiða, bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, alla ökutækjastyrki, mótfamlag í lífeyrissjóð og staðgreiðsluskylda dagpeninga.

Greiðslur lífeyris og eftirlauna úr samþykktum lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins mynda ekki stofn til tryggingagjalds.

Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu skal sundurliða niður á mánuði.

## Heildarfjöldi launamiða

Hér skal tilgreina heildarfjölda launamiða sem skilað er, bæði vegna launa og verktakagreiðslna.

## Par af fjöldi miða vegna verktakagreiðslna

Hér skal fára fjölda þeirra miða sem skilað er fyrir verktakagreiðslu.

## Heildargreiðslur til verkta (06)

Hér skal tilgreina heildarfjárhæð verktakagreiðslna (reitur 06).

## Laun vegna fiskveiða

Hér skal fára laun sem greidd eru sjómönnum vegna fiskveiða. Þau mynda stofn til tryggingagjalds auk þess sem greiða ber 0,65% iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi útgerðarmaður sagt upp þeirri tryggingu sér skattstjóri til þess að iðgjaldið bæstist ekki við.

Ef framtalsskil einstaklinga í rekstri eru á pappír, getur þurft að skila launaframtalí á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. Hið sama gildir um óskattskylda lögaðila, sem ekki skila rafrænu skattframtali RSK 1.06. Skilafrestur er til 30. janúar 2009 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. febrúar sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.

**Ef framtalsskil rekstraraðila eru rafræn, skal ekki skila sjálfstæðu launaframtalí RSK 1.05 á pappír.**

**RSK**

**LAUNAFRAMTAL 2009**

**LAUNAGREIÐSLUR  
2008**

Framtalsskil berist
---------------------

Kennitala
Svæitarfélag löghemils

Nafn - þostfang
-----------------

Rafræn framtalsskil - Ekki skal skila launaframtalí á pappír

Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínú með rafrænum hætti (t.d. á vefframtali) elga **ekki** að skila launaframtalí RSK 1.05 á pappír, þar sem sundurliðun a stofni til tryggingagjalds er fengin í rafrænum framtalsskilum (á eyðublaði RSK 1.04, RSK 1.06 eða RSK 4.05).

I vissum tilfellum geta rekstraraðilar þurft að skila launaframtalí á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. Síða nánari skýringar á bakhlið.

Fjárhæð á launamiðum og aðrar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu

Reitur 02 - Vinnulaun	=
Reitur 60 - Bifreiðahlunnindi	=
Reitur 33 - Fæðishlunnindi	=
Reitur 16 - Ökutækjastyrkur	=
Mótfamlag launagr. í lífeyrissjóði, sbr. skýringar á bakhlið	=
Mismunur 17-74 - Staðgreiðsluskyldir dæpeningar	=
Aðrar tryggingagjalds, sbr. skýringar á bakhlið	=
Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð, sbr. skýringar á bakhlið	=
Stofn til almenna tryggingagjalds í staðgreiðslu	=

Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Reiknað endurgjald barna	=
Laun undanþegin staðgreiðslu	=
Fæðihlunnindi	=
Önnur hlunnindi, hvad?	=
	=
	=
	=
Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	=

Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenna tryggingagjalds í staðgreiðslu

Janúar	Jan.
Febrúar	Febr.
Mars	Mars
April	April
Mai	Mai
Júní	Júní
Júlí	Júlí
Águst	Águst
September	Sept.
Október	Okt.
Nóvember	Nóv.
Desember	Des.
Alls	Alls

Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum (einnig innifaldað í stofni til tryggingagjalds)

Jan.	Jan.
Febr.	Febr.
Mars	Mars
April	April
Mai	Mai
Júní	Júní
Júlí	Júlí
Águst	Águst
Sept.	Sept.
Okt.	Okt.
Nóv.	Nóv.
Des.	Des.
Alls	Alls

Heildarfjöldi launamiða

Par af fjöldi miða vegna verktakagreiðslna

Heildargreiðslur til verkta (06)

Athugasemdir framteljanda

Skilafrestur er til 30. jan. 2009 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. feb. 2009 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.

Það stafðest að launaframtalíttu ósamt launamiðum er gert eftir bestu vitnum og er í samræmi við fyrirleggjandi gögn.

Dags./undirskrift

Simi

RSK 1.05 0912 - 5.000 - CCI

## Undirskrift

Mikilvægt er að undirrita launaframtalíð áður en því er skilað. Launaframtalí sem ekki er undirritað telst ófullnægjandi.

## Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Í þessa reiti færast laun undanþegin staðgreiðslu og reiknað endurgjald barna. Reiknað endurgjald manns og maka hans við eigin atvinnurekstur kemur hins vegar ekki fram á launaframtalí. Hér skal enn fremur tilgreina tegund og fjárhæð hlunninda utan staðgreiðslu opinberra gjálda sem metin eru til tekna samkvæmt skattmati fjármálaráðherra og mynda stofn til tryggingagjalds.

**Þeir sem skila launaframtalí á eyðublaði RSK 1.04, RSK 1.06 eða RSK 4.05 við skattframtalsskil sín, eiga ekki að skila launaframtalí RSK 1.05 með launamiðaskilum sínum í jan./feb. 2009!**